

## 10. gr.

Nú gerir sýsluvegaáætlun ekki ráð fyrir framkvæmdum eða innstæða í sýsluvegasjóði nægir til framkvæmda og viðhalds næsta ár, að dómi sýslunefndar, og skulu þá tekjur sýsluvegasjóðs það ár renna til þjóðvega í viðkomandi sýslu, eftir ákvörðun sýslunefndar.

## 11. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum allt að 100 þúsund krónum nema þyngri hegning liggja við að lögum. Með mál út af slíkum brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Norður-Þingeyjarsýslu hefur samið og samþykkt, samkvæmt 19. gr. vegalaga, nr. 6 25. mars 1977, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi samþykkt nr. 127 9. júní 1965 um sama efni, og samþykkt nr. 7 8. janúar 1970 um breytingu á henni.

*Samgönguráðuneytið, 24. desember 1979.*

**Magnús H. Magnússon.**

*Birgir Guðjónsson.*

## AUGLÝSING

um gjaldskrá fyrir sundstaðina í Reykjavík.

Einstakir miðar, fullorðnir .....	kr. 500
Einstakir miðar, börn .....	— 200
10 miða kort, fullorðnir .....	— 3 000
10 miða kort, börn .....	— 1 000
10 miða kort, aldraðir .....	— 1 500
Gufubað .....	— 800
Leiga á handklæðum og skýlum .....	— 400
Sundnámskeið 20 st., fullorðnir .....	— 9 500
Sundnámskeið 20 st., börn .....	— 7 000
10 miða kort, 16 ára og eldri, sundfélög .....	— 1 000
10 miða kort, yngri en 16 ára, sundfélög .....	— 550

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt er af borgarstjórn Reykjavíkur, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 32 7. maí 1928 til þess að öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt er felld úr gildi gjaldskrá nr. 294 29. júní 1979.

*Félagsmálaráðuneytið, 27. desember 1979.*

**F. h. r.**

**Hallgrímur Dalberg.**

*Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.*